

Alþingi
Erindi nr. P /38/23
komudagur 30.10. 2009

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2009.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum, 90. mál.

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við framlagningu ofangreinds frumvarp.

Í fyrsta lagi telja samtökin frumvarpið of seint fram komið, en sá frestur sem áður stóð gerðarþolum til boða rennur út 31. október. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu hefur 395 nauðungarsölum hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík verið frestað á grundvelli laga nr. 23/2009. Ætla má að heimilt verði að selja þær eignir nauðungarsölu nú strax enda væntanlega einhver tími þar til frumvarp það sem nú er lagt fram verður að lögum. Svo virðist sem þeir gerðarþolar sem þegar hafa farið fram á frest geti þó sótt um viðbótarfrest samkvæmt nýja frumvarpinu, en einungis ef lög um nýjan fresttíma hafa tekið gildi, en án þess er engin heimild til veitingar frestsins. Vaknar því jafnframt spurning um réttarstöðu þeirra gerðarþola sem lenda milli laga, þ.e. eiga þess hvorki kost að fara fram á frestun á grundvelli laga nr. 23/2009 né á grundvelli þess frumvarps er hér um ræðir, verði það að lögum. Þær eignir sem fara í framhaldsmeðferð meðan engin lög kveða á um frest verða því væntanlega seldar nauðungarsölu.

Sé það vilji löggjafans að veita gerðarþolum frest til 31. janúar 2010, verður því að teljast afar bagalegt að það tímamark hafi ekki verið sett á áður en fyrri fresttími rann út.

Þar sem í langflestum tilvikum er einungis um frestun að ræða en ekki afturköllun má gera ráð fyrir að einungis sé um stuttan gálgafrest að ræða, nauðungarsölur muni eftir sem áður fara fram, aðeins í stærri skömmtum en áður.

Þá gera samtökin athugasemdir við þau ummæli er fram koma í greinargerð að ekki sé gert ráð fyrir að um frekari frestun á nauðungarsölum verði að ræða eftir 1. febrúar 2010, enda vandséð að fjárhagsstaða almennings verði þá svo frábrugðin því sem hún er núna.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir